

**72. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
5. júní 2019 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Aldís Ylfa Heimisdóttir varamaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1901347 - 17. júní 2019

Umsjónaraðili viðburða kynnrir stöðu verkefnis og fer yfir drög að dagskrá.

Fríða Kristín Magnúsdóttir, umsjónaraðili viðburða, tekur sæti á fundinum. Nefndin þakkar Fríðu fyrir kynningu á dagskrá 17. júní.

2. 1810031 - Írskir dagar 2019

Umsjónaraðili viðburða kynnrir stöðu verkefnis og fer yfir drög að dagskrá.

Nefndin þakkar Fríðu Kristínu Magnúsdóttur fyrir kynningu á dagskrá Írskra daga. Fríða Kristín vikur af fundi.

3. 1903317 - Bæjarlistamaður Akraness 2019

Forstöðumaður leggur fram lista yfir tillögur um bæjarlistamann 2019

Forstöðumanni falið að koma tillögu nefndarinnar ásamt rökstuðningi til bæjarstjórnar.

4. 1906021 - Skönnun bæjarblaða á timarit.is

Forstöðumaður kynnrir tillögu um skönnun tiltekinna bæjarblaða af pappír inn á timarit.is.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að skanna bæjarblöðin Skagablaðið, Bæjarblaðið og árganga 1998-2001 af Skessuhorni inná timarit.is. Sem stendur eru þau aðeins til á pappír. Forstöðumanni er falið að óska eftir heimild bæjarráðs til að koma verkinu í framkvæmd og jafnframt að kanna hvort bæta ætti bæjarblaðinu Umbrot við.

5. 1905299 - Rekstur Bíóhallarinnar 2019-2023?

Forstöðumaður stýrir umræðum um fyrirkomulag rekstur Bíóhallarinnar til komandi ára.

Rætt var um ýmsa þætti sem snerta rekstur Bíóhallarinnar. Nefndin felur forstöðumanni að koma ábendingum nefndarinnar á framfæri við bæjarráð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:40.

Ólafur Páll Gunnarsson
Aldís Ylfa Heimisdóttir
Helga Kristín Björgólfsd.

Ella María Gunnarsd.
Guðmundur Claxton
Guðríður Sigurjónsdóttir